

AUGLÝSING

um deiliskipulag, Hlíðin neðan Gleiðarhjalla, innri hluti, Ísafirði, Ísafjarðarbæ.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 16. febrúar 2012 var samþykkt deiliskipulag ásamt umhverfisskýrslu af svæðinu „Hlíðin neðan Gleiðarhjalla, innri hluti“, Ísafirði, Ísafjarðarbæ.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið er um 18,5 ha að stærð og tekur til svæðis ofan við Seljalandsveg og Urðarveg á Ísafirði. Gert er ráð fyrir byggingu ofanflóðavarna ofan við byggðina í Efríbænum. Varnirnar felast í tveimur snjóflóðagörðum og tveimur aurvarnargörðum með flóðarásum ofan við þá. Að hluta til er um stækkun og breytingu á núverandi varnavirkjum að ræða.

Til að bæta fyrir neikvæð áhrif framkvæmdanna er gert ráð fyrir bættri aðstöðu til útivistar. Gert er ráð fyrir göngustíg eftir og meðfram varnarmannvirkjunum, með tengingum við stíga og götur bæjarins. Jafnframt er gert ráð fyrir reiðstíg ofan við varnargarðana, sem síðar mun tengjast reiðstíganeti bæjarins.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 5. mars 2012.

Jóhann B. Helgason,
sviðsstjóri framkvæmda- og eignasviðs.

B-deild – Útgáfud.: 8. mars 2012